

Góðir félagar. Til hamingju með alþjóðadag verkalyðsins 1. maí.

Fólk á hverjum tíma á það til að hneykslast yfir ákvörðunum genginna kynslóða - gildum og viðmiðum fyrri tíma. Vissulega lærum við í einhverjum tilfellum af fortíðinni og breytum til betri vegar. Í öðrum tilfellum gerum við það ekki. Hvað sem öllum slíkum vangaveltum líður þá erum við samankomin hér í dag, í öllum meginatriðum af sama tilefni og fyrirrennarar okkar síðustu 94 árin. Rétt eins og árið 1923, þegar verkalyðsdagurinn var haldinn hátíðlegur í fyrsta skipti á Íslandi, þurfum við nú að berjast fyrir jöfnuði, bættum réttindum launafólks og réttlátara samfélagi. Já, kæru félagar. Baráttan heldur áfram.

Ekki svo ólíkt forfeðrum okkar lifum við nú á róstusömum tímum. Sjálfsánægja og sjálfhverfa vex ásmegin á kostnað samhjálpar og samhygðar. Svokallaður „populismi“ birtist okkur með reglulegum hætti á ljósvakamiðlunum og á síðum dagblaðanna. Tækifærismennskan stuðlar að sundrung og skiptir fólki í tvær andstæðar fylkingar. Auðvaldshyggja kristallast í fréttum af auðsöfnun á fárra manna hendur meðan almennt launafólk þarf oft og tíðum að berjast fyrir því að ná endum saman. Einstaklingshyggja birtist í dulinni markmiðssetningu: Ég skal hafa það betra en samborgari minn.

Eftir sex mánuði, upp á dag, verða liðin 90 ár frá vígslu heilsuhælisins að Kristnesi í Eyjafirði. Berklarnir voru sannkallað þjóðarböl í upphafi 20. aldar og drógu ófá ungmennin til dauða. Úrræði voru fá og vonleysi almennt. Miklu grettistaki var lyft þegar Kristneshæli var byggt og tekið í notkun þann 1. nóvember 1927. Þessi stóra framkvæmd var gerleg að miklu leyti vegna samtakamáttar Norðlendinga og annarra landsmanna þar sem einstaklingar og stofnanir lögðu til fé, allt frá nokkrum aurum til tugþúsunda króna. Söfnun fyrir hælinu stóð yfir í tæpan áratug áður en framkvæmdir hófust og því má ljóst vera að leiðin að settu marki var ekki alltaf greið. Langþráður og, að því er virtist, fjarlægur draumur margra varð að veruleika - veruleika sem spratt upp af samhjálpar og samhygð. Ekki sjálfsánægju og sjálfhverfu. Veruleika sem spratt upp af samtakamætti og vilja til að stuðla að almannaheill. Ekki populisma og einstaklingshyggju.

Þó ýmislegt hafi áunnist í kjarabaráttu launafólks á undanförunum áratugum megum við hvergi slá slöku við. Sagan sýnir það. Við lifum í þeirri von að nú sé þetta að koma – nú höfum við lært af fortíðinni - nú er takmarkinu náð. En allt er í heiminum hverfult. Þrátt fyrir bærilegan efnahag þarf hinn vinnandi maður stöðugt að vera að berjast fyrir mannsæmandi starfsaðstæðum og launum. Á degi sem þessum verður mér gjarnan hugsað til grunnþjónustunnar. Ég nefni starfsfólk í umönnunarstörfum svo sem á sjúkrahúsum og elliheimilum. Ég nefni kennara og annað starfsfólk menntastofnana. Mér verður einnig hugsað til ellilífeyrisþega og öryrkja. Ungs fólks sem er að reyna að koma sér þaki yfir höfuðið. Ekki má gleyma kynbundnum launamun sem því miður er enn við lýði í okkar nútíma samfélagi. Já, baráttan heldur áfram.

Góðir félagar. Stöndum vörð um sjálfsögð mannréttindi, rétt okkar allra til að lifa mannsæmandi lífi. Markmiðin eru háleit en raunhæf. Lærum af fortíðinni hvort sem það felur í sér að læra af mistökunum eða horfa til þess sem hefur reynst vel. Eins og Norðlendingar sýndu í heilsuhælistálinu á 3. áratugnum eru okkur allir vegir færir með samstilltu átaki. Sýnum samhjálpar og samhygð. Þannig styrkjumst við sem heild í baráttunni. Segjum nei við sjálfhverfu og tækifærismennsku. Setjum jöfnuð og almannaheill á dagskrá. Þannig stefnum við að betra og réttlátara samfélagi. Segjum nei við auðvalds- og einstaklingshyggju. Byggjum saman betra samfélag.

Til hamingju með baráttudaginn 1. maí.

Góðar stundir.